

Mál nr. 117/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er reiðhjól skemmdist af völdum áreksturs við bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttækið 25.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 8 að morgni 16. janúar 2019 hjólaði B, 14 ára gamall sonur M, til suðurs yfir Sogaveg skammt austan Réttarholtsvegur. Í sömu andrá var A ekið austur Sogaveg og varð B fyrir A. Myrkur var en úrkomulaust þegar óhappið varð. Hálfka og snjóþekja var á akbraut. Hámarks hraði á akbraut var 30 km á klst. Þar sem B fór yfir götuna er hraðahindrun sem felst í bungumyndaðri upphækkun og er hraðahindrunin merkt sem slík. B varð fyrir smávægilegum meiðslum en skemmdir urðu á reiðhjólínu og vinstra framhorni A.

B kvaðst hafa hjólað inn á akbrautina yfir hraðahindrunina. Hann hafi ekki séð A í tæka tíð þar sem henni var ekið austur Sogaveg. Hafi hann hafnað á vinstra framhorni A.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Sogaveg og stöðvað gegnt rauðu ljósi á gatnamótum Sogavegar og Réttarholtavegar. Hann hafi því ekki verið á miklum hraða, eða mögulega á um 15 til 20 km hraða á klst., þegar B hafi skyndilega hjólað inn á akbrautina og hafnað á vinstra framhorni A. Í raun hafi hann ekki áttað sig á þessu fyrir en B var kominn á vélarhlífina.

Tvö vitni kváðust hafa ekið vestur Sogaveg nokkuð frá slyssaðnum, en séð hvar B hafi hjólað beint inn á götuna og í veg fyrir A.

M hefur krafist bóta vegna þeirra skemmda sem urðu á reiðhjól B umrætt sinn úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar má þó lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

Samkvæmt málskoti má ráða að umrætt reiðhjól hafi verið í eigu B jafnvel þótt móðir hans standi að málskoti þessu. B hafði ekki séð til ferða A áður en hann skall á vinstra framhorni A. Vitni báru að B hafi hjólað inn á götuna í veg fyrir A. Þótt B hafi hjólað áleiðis yfir götuna á merktri hraðahindrun var ekki um að ræða merka gangbraut. Að framangreindu virtu verður óhappið rakið til gáleysis B og með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að fella bótarétt niður vegna skemmda á reiðhjólínu.

Niðurstaða.

M vegna sonar síns, B, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, vegna skemmda á reiðhjólí.

Reykjavík, 7. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.